

PALLI LITLI OG HVOLPARNIR

(Verðlaunasaga).



Hægur andardráttur heyrðist inni í stofunni á Hóli. Konan, sem hét Sólveig, hafði verið að enda við að svæfa yngsta drenginn sinn, Palla, þá á öðru ári. Hún gekk rólega út úr stofunni, og lét hurðina vera í hálfu gátt.

Eftir stutta stund vaknar Palli við að einhver kemur inn, og sér hann þá hvar hvolparnir fjórir koma, sem hann hafði svo oft leikið sér við. Hann settist upp í vöggunni, og fór að sjúga pelann sinn. Hlæjandi horfði harn á þá þegar þeir stukku inn eftir gólfinu að rúminu hans, og fóru að hoppa og leika sér í kringum það. Nú fór hann að leika sér að, að láta drjúpa úr pelanum sínum niður fyrir rúmið og fóru þá hvolparnir að sleikja það upp. En nú nægði þeim ekki lengur þessi litli skammtur, heldur stukku allir upp í

rugguna sömu megin og strákurinn var. Enþá tók ekki betra við, vaggan steiptist á hliðina og allt um koll. En í öllum þessum ósköpum hafði Palli mist pelann sinn, og túttan farið af, og mjólkinn komin öll úr pelanum á gólfið. Grét nú Palli af hræðslu, sem von var, einn hvolpurinn var kominn upp á bakið á honum og tveir toguðu í skirtuna, og sá fjórði var að lepja upp mjólkina. Þegar vandræðin stóðu sem hæst, kom mamma drengsins, og tók hann upp og huggaði hann, og gaf honum mjólk að drekka. En hvolpana rak hún út. Eftir stutta stund voru Palli og hvolparnir bestu vinir aftur.

*Björg Ólafsdóttir, 13 ára,
Brimilsvöllum.*

FELUNAFNAVÍSUR.

Hér komi stafir í stað strikana.

Karlmannaöfn.

A-l-, --n-á-, G--r-u---,
--l-i-, -s-a-, S--m-n---,
K--r-a-, --v-ð, J--m--d--,
--t-l-, K--i-, --s---d-u-

Kvenmannaöfn.

--ð-ú-, A-n-, -a--h--d--,
--n-r, H--g-, --t-í--r,
F--n-o---, --t-, --t-h-l---,
K-i--í-, -ó-a, A---r-ð--

Halldór Á. Gunnarsson.